



# eggjadans



Geymdu upplýsingarnar!  
Bitte alle Informationen aufbewahren!  
Please keep all the information!  
Veuillez conserver toutes les notices!  
A.u.b. alle gegevens bewaren!  
Si prega di conservare tutto il materiale informativo!  
¡Por favor, conserve todo el material informativo!

Habermasß GmbH  
August-Grosch-Straße 28 - 38  
96476 Bad Rodach, Germany

[www.haba.de](http://www.haba.de)

Made in Germany

7/10

TL ?????

Copyright **HABA**® - Spiele Bad Rodach 2003

# eggjádans

Skoppandi skemmtilegur leikur með eggjum fyrir 2-4 leikmenn á aldrinum 5-99 ára.

**Höfundur:** Roberto Fraga

**Teikningar:** Martina Leykamm



## Hvæð er í eggjabakkanum?

1 viðaregg, 9 skoppandi gúmmiegg,  
1 rauður aðgerðateningur, 1 "hvert á að  
setja eggid" teningur, 1 reglubæklingur.

## Markmið leiksins

Hver nær að klemma flest eggjanna og safna fullt af stigum? Það verður ekki auðvelt þar sem eggin hoppa og skoppa um og skipta stanslaust um eigendur. Maður þarf líka að passa eggin vel því ef einhver missir eitt af eggjunum sínum þá er leikurinn búinn.

## Undirbúingur

Verið viðbúin með báða teningana. Látið eggjabakkann með öllum eggjunum á borðið. Hafið nóg pláss á borðinu þar sem að eggin munu skoppa um það.

## Varúð, brothætt!

*Ekkert mun koma fyrir eggin skoppandi en þið skuluð taka allt brothætt af borðinu áður en þið spilið.*





### Hei! Afhverju er viðaregg í leiknum?

Verðmætt viðaregg hefur verið látið með skoppandi eggjunum. Í lok leiksins gildir það tvö stig en skoppandi eggin bara eitt stig hvert: þess vegna er viðareggið mjög vinsælt hjá eggjapjófum.

### Hvernig á að spila

Sá sem happar hæst má byrja og kastar rauða aðgerðateningnum.

### Hvaða mynd fékkstu á rauða teninginn?



#### Að verpa egg

Þú ert hænu-heppinn. Kallaðu "Gagg, gagg, gagg!" og veldu þér egg úr bakkanum.



#### Skoppandi egg

Taktu gúmmiegg úr bakkanum. Haltu því hálfum metra yfir borðinu og slepptu því. Hinir reyna að vera fyrstir að ná egginu. Sá sem nær egginu fær að eiga það. Passið ykkur: það má ekki nota viðareggið hér.



#### Eggjatinsla

Allir reyna að grípa rauða teninginn eins fljótt og þeir geta. Sá sem nær honum fær að velja sér egg úr bakkanum.



#### Eggjadansinn

Nú byrjar fjörið! Allir standa upp og hlaupa í kringum borðið eins hratt og þeir geta. Sá sem er fyrstur að setjast aftur í sætið sitt fær að velja sér egg úr bakkanum.



#### Haninn galar

Það er kominn tími til að vekja nágrannana! Sá sem er fyrstur að kalla "Gaggalagú!" fær egg úr bakkanum. Ef að einhverjir eru jafn fljótir að gala þá fær enginn egg.



#### Haninn þegir

Fylgstu vel með því þessi mynd er mjög lík "hanagalinu" en hér má ekki segja orð. Hver sá sem hrópar "gaggalagú" þarf að skila einu af eggjunum sínum í bakkan, en auðvitað bara ef hann er kominn með egg.

### Passið ykkur, eggjapjófar á ferð!

Ef að það er einhvertímann ekki hægt að taka egg úr bakkanum, þá má stela egg til að gera það sem teningurinn sýnir.

Þú velur þann sem þú vilt taka egg frá og hann þarf að gefa þér það án þess að kvarta. Ef að sá sem þú velur er með nokkur egg þá mátt þú ráða hvaða egg þú færð.

## Hvert á svo að setja eggid?

Eggin sem þið fáið eru ekki bara sett fyrir framan ykkur á borðið. Nei, þegar þú færð egg áttu að kasta teningnum sem segir þér "hvar þú átt að setja eggid."

Myndin sýnir hvert eggid á að fara:



....undir hökuna.



...í annan handakrikann.



...á milli hnjóanna.



...inn í olnbogann.



...á milli axlar og kinnar



Sá sem fær þetta merki fær að velja einn af möguleikunum um hvert á að setja eggid.

## Mikilvægt:

Ef þú ert nú þegar með egg þar sem teningurinn segir þér að setja það þá ræður þú hvort þú treður öðru eggj á sama stað eða velur annan stað.

Það er bannað að láta egg undir fót eða nota einhverjar aðrar leiðir til að festa eggin.

## Lok leiksins

Leikurinn er búinn um leið og einhver missir eitt af eggjunum sínum. Hinir fá eitt stig fyrir hvert egg sem þeir eru með. Viðareggið gildir tvö stig. Sá sem er með mest af stigum vinnur eggjansinn!

## Tryllt teningaköst!

Það er mikið af teningaköstum í leiknum og maður þarf að hafa góðan viðbragðshraða. Það þarf samt að passa sig! Sá sem missir tening eða ýtir honum af borðinu þarf að taka hann upp sjálfur án nokkurrar hjálpar.

## Prófaðu:

Það er ekki mjög auðvelt að beygja sig og bugta eftir teningnum með egg á milli hnjóanna eða undir hökunni...





## Höfundurinn



**Roberto Fraga** fæddist 1960 í La Coruña á Spáni. Frá því að hann var lítill hefur hann át heima í Frakklandi og býr nú í Saint-Malo með konu sinni og tveimur dætrum. Roberto Fraga hefur ferðast mikið og hefur unnið sem vörubílstjóri, sjómaður, talsmaður, bílstjóri og strandvörður. Hann hefur ferðið að finna upp leiki í 20 ár og hefur gefið út 35 leiki. Leikur hans, *Búið og Gert!*, var tilnefndur sem "Spil ársins 2007"

## Myndskreytarinn



**Martina Leykamm** fæddist 1975. Hún lærði grafíska hönnun í Nürnberg og samskiptahönnun í London. Hún hefur átt heima og unnið í Berlín frá 2000 sem myndskreytingaverktaki. Martina hefur áður myndskreytt mikið af bókum og leikjum.

